

Aðalfundur félags fornleifafræðinga 16. Nóvember 2016

Fundur settur kl. 20:22 – Mættir voru 15 kosningabærir félagar og 2 aukafélagar.

Formaður las upp dagskrána.

Dagskrá

1. Kosning fundarstjóra
2. Nýir félagar samþykktir
3. Skýrsla liðins árs
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins
5. Kosning varamanns
6. Ákvörðun félagsgjalda
7. Tillögur að lagabreytingum
8. Önnur mál

a) Löggildingarnefnd ræðir um starf sitt og þær leiðir sem eru í boði. Að lokum verður kosið um hvaða leið félagið vill fara.

Kosning fundarstjóra

- Kristborg var kjörinn fundarstjóri fundarins og samþykkt með lófataki
- Lilja Laufey var kosin fundaritari og var samþykkt með lófataki

Nýir félagar samþykktir

- Funastjóri las upp nýja féлага, bæð aðal- og aukafelaga. Og þeir voru samþykktir með lófaklappi.

Skýrsla liðins árs

Sólrún las upp skýrslu liðins árs.

- **Málþing - Hafíð gefur hafíð tekur.** Málþingið gekk vel. Það var tekið upp og hægt er að nálgast upptökur á Youtube rás félags fornleifafræðinga
- **Fyrirlestrar erlendra fræðimanna - Natascha Mehler.** Það voru ekki margir sem mættu en þetta var flottur fyrirlestur sem var styrktur að hluta af þýska stjórnarráðinu.
- **Frumvarp um breytingar á menningarminjalögum, sameining MÍ og ÞJMS.** Fyrri partur ársins fór að mestu í þetta eina mál enda stórt mál og gott að vanda til verka. Margir fundir voru með hinu ýmsa fólki.
 - 28. janúar – Capacent boðar til fundar 4. febrúar
 - 4. febrúar – Fundur hjá Capacent
 - 23. febrúar – Fundur með Sigurði Erni Guðleifssyni þáverandi skrifstofustjóra á skrifstofu þjóðmenningar í Forsætisráðuneyti
 - 25. febrúar - Félagsfundur vegna málsins og ályktun félagsmanna send út til fjölmiðla. Viðtal á RÚV eftir fund.

- 27. febrúar - Fundur með Katrínu Jakobsdóttur þingmanni og formanni VG
- 16. mars - Stjórnarfundur með formanni FÍSOS, Bergsveini Þórssyni og Albínu Huldu Pálsdóttur
- 18. mars – Frumvarpið kynnt á Alþingi, kemst ekki í gegnum 1. umræðu.
- 3. apríl – Panamaskjölin líta dagsins ljós á veraldarvefnum.
- Vefpóstur sendur út varðandi málið á ýmsa aðila:
 - Allsherjar-og menntamálanefnd
 - Þingmenn allra flokka
 - Formenn allra flokka (18. mars þegar þáverandi forsætisráðherra SDG kynnti frumvarpið)
- Góðar umræður voru í lok upptalningarinnar á því sem félagið gerði í sambandi við frumvarpsmálið og allir voru sammála um að félagið hefði staðið sig vel í því að stoppa þetta mál, þetta hefði þjappað fornleifafræðingum saman. Þetta sýndi að hópur fólks getur gert eitthvað í málunum þegar það á að þvinga eitthvað í gegn svo lengi sem haldið er rétt á spöðunum

- **Fyrirlestraröð FF, Námsbrautar í fornleifafræði við H.Í og Þjóðminjasafns Íslands.** Fór vel fram og nánast engin forföll. Einnig hægt að nálgast flestar upptökur inni á Youtube.
- **Aukaaðalfundur 2. maí 2016.** Kosið var um ritstjóra og efni næsta rits Ólafíu. Einnig var kosið um nýja lagabreytingu varðandi það hvenær fólk dettur sjálfkrafa út úr félaginu ef að það hefur ekki borgað.
- **Ólafía VI.** Ritnefnd hefur kallað eftir erindum, efnið er minjavarsla. Málþingið 2017 verður einnig með þeman Minjavarsla.
- **Löggildingarmálið.** Nefndin hélt áfram að vinna í löggildingarmálinu.
- **Kynning fyrir Kuml.** Félagið hélt kynningu fyrir Kuml og gekk það vel. Allir sem mættu skráðu sig í félagið og formaður náði að selja nokkrar Ólafíur.
- **Haustfagnaður.** Haldið var björkvöld og hélt Vala Garðarsdóttir fyrirlestur. Þetta gekk mjög vel og allir mjög sáttir með kvöldið.
- **Hvað er framundan?** Málþing tileinkað Kristjáni Eldjárn í samvinnu við Þjóðminjasafnið, vorfyrirlestraröðin og fleira.

Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins

Hrönn fór yfir endurskoðaða reikninga félagsins. Hún las upp gjöld og innkomu og útskýrði nánar þá liði sem þörfuðust útskýringa. Innistæða reikningsins er nú 451.736 kr. Spurt var um hvort að reikningar Ólafíu væru ekki inni í reikningunum en Ólafía er með sér reikning sem stendur í u.þ.b. 56.000 kr. Hrönn hafði hinsvegar ekki yfirlit yfir reikninga Ólafíu. Reikningarnir voru samþykktir með þeim fyrirvara að skrifað yrði undir þá af endurskoðendum.

Kosning varamanns

Kristborg auglýsti eftir varamanni í stjórn. Hermann bauð sig aftur fram og var hann samþykktur með lófaklappi.

Ákvörðun félagsgjalda

Ákveðið var að halda félagsgjöldum óbreyttum og var það samþykkt með lófaklappi.

Tillögur að lagabreytingum

Sólrún kynnti lagabreytinguna sem stjórnin stendur fyrir og snýst um kosningu í stjórn. Hún talaðu um það að eigin reynsla að það er frekar erfitt þegar allir stjórnarmeðlimir hætta í einu og því hefði stjórnin sett fram lagabreytingu til að breyta því. Rætt var um lagabreytinguna og allir voru sammála um að þetta yrði bara til góðs enda gott að halda inni helmingi af stjórn til að deila til þeirra nýju. Tillagan var samþykkt án breytinga.

Í gömlu lögunum var 4 gr.:

4. gr. Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum. Hver stjórnarmaður er kosinn til tveggja ára í senn. Kosið er til fimm embætta innan stjórnar, þ.e. formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera, meðstjórnanda auk þriggja varamanna. Kosningar fara fram á aðalfundi annað hvert ár. Samsetning stjórnar félagsins skal endurspegla samsetningu félagsmanna, bæði hvað varðar kyn og menntun.

Nýja greinin sem var samþykkt hljóðar svo:

4. gr. Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum til tveggja ára í senn, þ.e. formanns, varaformanns, ritara, gjaldkera, meðstjórnanda auk þriggja varamanna. Kosinn er formaður, ritari og tveir varamenn annað árið, en varaformaður, gjaldkeri, meðstjórnandi og einn varamaður hitt árið. Kosningar fara fram á aðalfundi ár hvert. Samsetning stjórnar félagsins skal endurspegla samsetningu félagsmanna, bæði hvað varðar kyn og menntun.

Önnur mál

Fundastjóri kynnti Ármann Guðmundsson, Oddgeir Isaksen og Ármann Dan til þess að ræða um löggildingarmálið. Síðasti aðalfundur FF fól nefndinni að vinna undirbúningsvinnu varðandi hvaða leiðir væru fýsilegastar varðandi löggildingarferli eða ígildi löggildingar.

Nefndin hélt tvo fundi þar sem hún fór yfir fýsilegar leiðir í málinu og punktuðu niður kosti og galla á leiðunum.

Leiðirnar eru:

1) **Löggilding á starfinu fornleifafræðingur.** Kostir: Einfaldari stjórnsýsla, gagnsærra leyfisveitingaferli, atvinnuöryggi, almannhagsmunir, hlutlægni í stað huglægni, betri gæðastjórnun og hún er mikið útavið. Gallar eru óljós afstaða ríkisins, ferlið er tímafrekt, umsýsla varðandi hverjir uppfylla kröfurnar og svo spurningin: Hvað verður um þá sem ekki uppfylla kröfurnar?

2) **Skilgreining á starfsheitinu fornleifafræðingur í gegnum menningarminjalög.** Kostir: Tiltölulega einföld aðgerð og reglur Minjastofnunnar myndu þá tóna við menningarminjalögin. Gallar eru: Hvað annað fylgir með í lögunum?, víð skilgreining og túlkunnaratriði, lítið útvið og lítil breyting á ástandinu.

- Bent var á það að Minjastofnun muni hafa valdið og það væri alltaf huglægt mat (reynsla) um það hver fær leyfi. Leyfisveiting gæti jafnvel farið eftir því á hvaða starfsmanni Minjastofnunna þú lendir.

3) **Skilgreining á starfsheitinu fornleifafræðingur í gegnum reglur M.Í.** Kostir: Sambærilegt og í leið 2, myndi tóna við menningarminjalögin og einfalt að breyta og uppfæra. Gallar: Sambærilegt og í leið 2, mjög lítið útavið og minni staðfesta.

4) óbreytt ástand

- Farið var yfir kosti og galla hveðrar leiðar og hver leið var þraulædd. Nefnin lagði til að leið 1 verði valin en hún lagði áherslu á að þetta væri bara hugmynd og alls ekki síðasta útfærsla löggildingar. Sjá fyrir sér þrjú stig: A, B, C.
 - A réttindi: Fyrir þá sem stýra fornleifauppgröftum. Hæfniskröfur gætu verið: framhaldsgráða í fornleifafræði, 104 vikna reynsla í uppgrefti og úrvinnslu.
 - B réttindi: Fyrir þá sem bera ábyrgð á skráningarverkefnum. Hæfniskröfur gætu verið: framhaldsgráða í fornleifafræði, 52 vikna reynsla í skráningu og úrvinnslu.
 - C réttindi: Fyrir þá sem hafa aflað sér sérhæfingar innan fagsins (t.d beinafræðingar og skordýrafræðingar).
- Umræður voru miklar og langar í lok kynningar.
- Ákveðið var að það væru allavega ekki forsendur fyrir því að kjósa um málið núna af því að margt væri enn óljóst og lítið sem ekkert væri vitað um ferlið sem færi í gang ef beðið yrði um löggildingu.
- Brýnt var þó á því að það stæði í lögunum að stjórnin skyldi beita sér fyrir löggildingu. Þó var einnig rétt það að ef að niðurstaðan yrði sú að meiri hluti félaga vildi ekki fara löggildingarleiðina þá yrði það svo að vera.

Að endingu var ákveðið að FF myndi vinna að þessu máli og samin var klausa sem stjórnin átti að fara eftir:

„Aðalfundur FF árið 2016 samþykkir tillögu um að stjórn félagsins sendi Forsætisráðuneyti bréf og kalli eftir upplýsingum varðandi hvað felist í löggildingarferlinu. Í bréfinu verði ítrekað að samkvæmt lögum félagsins á að stefna á löggildingu starfsheitisins fornleifafræðingur.

Einnig skal löggildingarnefndin falast eftir fundi með Minjastofnun og bera undir stofnunina þær hugmyndir sem félagið hefur varðandi auknar kröfur í sambandi við leyfisveitingu til fornleifarannsóknna og fornleifaskráningar.“

Klausan var samþykkt með lófaklappi

Málið verður tekið upp að nýju á næsta aðalfundi 2017.

B) Ákveða þurfti hvaða embætti ætti að kjósa að ári

Aðalfundur félag fornleifafræðinga 2016 samþykkir, eftir lagabreytingu á 4. gr. laganna, að það verði kosið um embættin varaformaður, gjaldkeri, meðstjórnandi og varamaður á aðalfundi 2017.

Þetta var samþykkt meðlófataki.

C) Vorfagnaður

Spurt var hvort að það yrði vorfagnaður á næsta ári og stjórnin var tilbúin að skipuleggja slíkan viðburð. Bjarni sagðist jafnvel kannski vera til í að halda fyrirlestur á fagnaðinum.

Fundi var slitið klukkan 22:40